



131. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi,

22. 05. 2018 kl.17.00, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Þór Hreinsson, Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Elín Einarsdóttir og Magðalena K. Jónsdóttir sitja fundinn í gegnum síma.

1. Ársreikningur Fræðslunetsins 2017

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning og endurskoðunarskýrslu. Stjórn fagnar góðri afkomu félagsins fyrir árið 2017. Lagt er til að leitast verði eftir að fá fulltrúa endurskoðanda á fund um næsta ársreikning. Framkvæmdastjóra er falið að undirrita staðfestingarbréf stjórnenda Fræðslunets símenntunar á Suðurlandi ses og skila til endurskoðenda. Framkvæmdastjóra veitt umboð til að auka svigrúm ritara til aðstoðar verkefnastjórum og framkvæmdastjóra.

2. Árskýrsla Fræðslunetsins 2017

Eyjólfur framkvæmdastjóri kynnti árskýrslu og sýnir skýrslan greinilega að 2017 var hagfellt fyrir félagið. Stjórn hrósar framkvæmdastjóra og starfsfólki fyrir árvekni og kraftmikið starf á árinu.

3. Svar til stjórnar frá MMR, vegna bréfs sent í janúar síðastliðinn

Svar ráðuneytisins kynnt og móttekið. Svarið sýnir að fjárfamlög frá ríkinu til Fræðslunetsins eru áfram óljós.

4. Önnur mál

- Fréttir frá framkvæmdastjóra af starfseminni.
- Elín Einarsdóttir tilkynnti að hún muni láta af stjórnarmennsku í sumar.

Fundi slitið kl. : 19.10

*þér meiri
Sigursveinn Sigurðsson
Laufey Ósk Magnúsdóttir.*

Fundargerð ritaði Laufey Ósk Magnúsdóttir